

Kvikmyndasjóður

Myndböndin "Í jöklanna skjóli" (Fræðslumyndbönd um atvinnuhætti í Skaftafellssýslum fyrr á tímum) eru enn fánleg hjá Kvikmyndasjóði Skaftfellinga og eru tilvalin tækifærisgjöf.

Allt settið, 9 spólur, á 9.000 kr., en hver stök spóla 1.300 kr.

Upplýsingar og dreifing er í höndum Vigfúsar Gíslasonar sem veitir nánari upplýsingar í sínum: 892 4452 og 483 3569.

Myndakvöld

Fimmtudaginn 10. apríl verður annað myndakvöld vetrarins í Skaftfellingabúð.

Þar sýnir Jónas Erlendsson, Fagradal í Myrdal, myndir af náttúrufari og fjalllendi umhverfis Myrdalsjökul svo sem úr Höfðabrekkuafreitti, Heiðardal o.fl. Einnig myndir af mannlífi úr Myrdal. Aðgangur ókeypis.

Boðið verður upp á kaffi og meðlæti. Verð kr. 700.

Stjórn félagsins 2002 - 2003

Aðalstjórn	sími	GSM
Skúli Oddsson, formaður	587 1799	864 3415
Ármann Ó Sigurðsson	553 6156	
Erla Asgeirsdóttir	554 1241	861 9941
Hákon J Kristmundsson	565 1454	821 2115
Magnhildur Ólafsdóttir	557 1337	691 3337
Sigrún Guðmundsdóttir	581 4653	695 1743
Sigurlaug J Sigurðardóttir	588 7273	891 7354

Varastjórn

Guðrún Arnarsdóttir	587 4671	897 6382
Halla Bjarnadóttir	557 6238	862 0044
Páll Pétursson	515 4515	
Rafn Stefánsson	568 3623	

**MUNIÐ AUGLÝSINGAR
Í DAGBÓKUM DAGBLADANNA**

Vorferð

Síðastliðið vor var tekin upp sú nýbreytni að efna til vorferðar. Alls fóru 12 manns í þessa fyrstu ferð og var lagt af stað í rigningu úr Reykjavík kl. 8 að morgni 2. júní. Fljótlega dró ský frá sólu og það sem eftir lifði dags var blíðskaparveður og ferðin hin ánægjulegasta. Komið var við á ýmsum sögustöðum í Myrdal og endað með heimsókn í Byggðasafnið í Skógum.

Þar sem vel tókst til í fyrra er fyrirhugað að endurtaka leikinn sunnudaginn 1. júní og skoða ýmsa staði í Rangárþingi.

Áætlaður kostnaður er kr. 2.500 sem ræðst þó af fjölda þátttakenda.

Skráning og nánari upplýsingar fyrir 29. maí hjá:

- Skúla (864 3415)
- Höllu (862 0044)
- Sigurlaugu (891 7354)

Skaftfellingabúð

Útleiga Skaftfellingabúðar er í umsjón Steinars Davíðssonar til allrar veisluþjónustu um helgar (s. 562 1934). Aðrar upplýsingar varðandi útleigu virka daga veitir Skúli Oddsson í síma 864 3415.

Netfangasöfnun!

Hægt miðar í netfangasöfnuninni. Félagsmenn eru áfram hvattir til að senda netföng sín til stjórnar félagsins á netfangið: lauga.sig@isl.is



Skaftfellingafélagið í Reykjavík • Laugavegi 178 • 105 Reykjavík • Sími 553 9955

2. tbl. mars 2003

Endursendist með upplýsingum um nýtt pósthfang ef viðtakandi er fluttur

- **Árshátíð Skaftfellinga og Rangæinga**
15. mars 2003

- **Myndakvöld**
10. apríl 2003

- **Kaffiboð aldraðra**
4. maí 2003

- **Söngfélagið Afmælistónleikar**
17. maí 2003
í Laugarneskirkju kl. 15

- **Aðalfundur Skaftfellingafélags**
22. maí 2003

- **Hreinsunardagur í Heiðmörk**
31. maí 2003

- **Vorferð í Rangárþing**
1. júní 2003

- **Skálm**
Fimmtudaga og laugardaga
Stórskálm 11.-12. júlí

Árshátíð

Skaftfellingafélagsins og Rangæingafélagsins verður haldin í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14, laugardaginn 15. mars 2003 og hefst með borðhaldi kl. 19:30. Húsið opið frá kl. 19:00.

Setning

Skúli Oddsson formaður Skaftfellingafélagsins

Veislustjóri

Ólafur Haukur Ólafsson formaður Rangæingafélagsins

Heiðursgestur

Siv Friðleifsdóttir, umhverfisráðherra

Flosi Ólafsson, leikari flytur gamanmál.

Söngfélag Skaftfellinga flytur nokkur lög.

Hljómsveitin Virus (ættuð frá Klaustri) leikur fyrir dansi fram eftir nóttu.

Hertogahlaðborð Steinars Davíðssonar

Graflax með sinnepssösu, reykt bleikja úr Landbrotinu með eggjæræru, sjávarréttasalat með melónu, fyllt lambalæri með villisveppasösu, léttreyktur svinakambur, innbókuð nautalund með rauðvinsösu.

Miðaverð kr. 3.800

Eftir borðhald kr. 1.000

Forsala aðgöngumiða verður í Breiðfirðingabúð fimmtudaginn 13. mars frá kl. 18-20

Nánari upplýsingar og miðapantanir hjá Skúla (864 3415), Hákonni (821 2115) og Sigurlaugu (891 7354)

Aðalfundur

Aðalfundur Skaftfellingafélagsins verður haldinn í Skaftfellingabúð, Laugavegi 178 fimmtudaginn 22. maí og hefst kl. 20:30.

Venjuleg aðalfundarstörf.



Gamla Heiðarrétt á Siðu

Ljósm. Gyða Siggeirsdóttir

Kaffiboð aldraðra

Árlegt kaffiboð aldraðra verður haldið í Skaftfellingabúð sunnudaginn 4. maí kl. 14:00. Dagskrá verður með hefðbundnum hætti. Söngfélagið syngur nokkur lög. Þá verður stígn dans undir harmonikkuleik. Aðgangur ókeypis.

Hreinsunardagur í Heiðmörk

Laugardaginn 31. maí, kl. 11 verður hreinsað til í reit Skaftfellingafélagsins í Heiðmörk. Reiturinn sem er 1 hektari, heitir Skaftafell og er merktur með skilti við veginn Hraunslóð í austanverðri Heiðmörk, skammt frá Silungapólli. Ekið er af Suðurlandsvegi inn á Heiðmerkurveg skammt austan við brúna á Hólmsá. Áhugasamir hafi með sér nesti, sagir og klippur. Þá eru uppi áform um lagningu göngustíga í reitnum og aðra aðstöðu til útivistar í samráði við Skógræktarfélag Reykjavíkur, fáið til þess fjármagn.

Skálm

Skálmað er áfram á...

laugardagsmorgnum kl. 11 (2 klst.) og á **fimmtudögum kl. 19 (1 klst.)**.

Gönguhópurinn lýsir eftir galvöskum liðsmönnum og konum þar sem endalaust er pláss fyrir fleiri úti í guðsgrænni náttúrunni. Áformuð er sumarferð Skálmar s þar sem gengið verður úr Landmannalaugum í Álftavatn á tveimur dögum. Aðrar styttri göngur eru fyrirhugaðar, en ekki fastmótaðar ennþá.

Nánari upplýsingar í síma 891 7354.

- 6. mars Nauthóll
- 8. mars Fossvogsdalur (Víkingsheimili)
- 13. mars Nauthóll
- 15. mars Heiðmörk (Furulundur)
- 20. mars Nauthóll
- 22. mars Fossvogsdalur (Víkingsheimili)
- 27. mars Nauthóll
- 29. mars Heiðmörk (Furulundur)
- 3. apr. Nauthóll
- 5. apr. Seltjarnarnes (við sundlaug)
- 10. apr. Nauthóll
- 12. apr. Mosfellsbær (Álafoss)
- 17. apr. Nauthóll
- 19. apr. Tröllafoss (hist við Þingvallaveg)
- 24. apr. Nauthóll
- 26. apr. Hvaleyrarvatn
- 1. maí Vífilsstaðavatn
- 3. maí Reykjabunga (hist við Rauðavatn)
- 8. maí Laugardalur (við Glæsibæ)
- 10. maí Lyklafell (Bláfjallavegur)
- 15. maí Grafarvogur (við kirkju)
- 17. maí Úlfarsfell
- 22. maí Rauðavatn
- 24. maí Húsfell (frá Kaldárseli)
- 29. maí Hraunin við Straumsvík
- 31. maí Hreinsunardagur í Heiðmörk

Í júní verður farið í léttar fjallgöngur á laugardögum og áfram eftir þörfum. Nánari upplýsingar um þær fyrirætlanir fást í síma 891 7354.

Sumarferðin verður tveggja daga skálm um "Laugavegin" eða frá Landmannalaugum í Álftavatn, dagana 11. og 12. júlí. Gist verður í skálum Ferðafélags Íslands í Hrafninnuskeri og í Álftavatni.

Söngfélag Skaftfellinga 30 ára

Söngfélag Skaftfellinga æfir í Skaftfellingabúð að venju á mánudagskvöldum. Um 45 manns æfa með kórnum undir stjórn Violetu Smid sem hefur verið söngstjóri kórsins í 20 ár. Ýmislegt hefur verið um að vera í vetur og annað á döfinni. Í haust var farið í æfingaferð til Víkur og gist á Höfðabrekku. Keyrt var úr bænum í miklu suðaustan roki og varð fólk verulega vart við hviðurnar undir Fjöllunum. Það var því unun að liggja í heita pottinum á Höfðabrekku þegar farið var að lygna og hlusta á brimhljóðið. Þar var sungið og nutum við aðstoðar Önnu Björnsdóttur í Vik sem aðstoðaði einnig við æfingar á síðasta starfsári.

Í byrjun desember var hin hefðbundna aðventustund þar sem kórin bauð velunnurum upp á söng, kaffi og meðlæti.



Ljósm. Kristinn Kjartansson

Sungið á Skólavörðustíg á aðventu

Einnig fékk kórin það verkefni að syngja jólalög á Laugaveginum fyrir jólin og mættum við þar í 2 klst. í senn í fjögur skipti.

Við hefðum nú líklega átt að hafa nokkur rigningarlög á dagskránni en það var ótrúlegt að sjá hvað fólk nennti að standa og hlusta á okkur í desemberrigningunni.



Ljósm. Kristinn Kjartansson

Formaður Skaftfellingafélagsins og formaður Söngfélags Skaftfellinga á göðri stundu

Þetta var skemmtilegt verkefni og gaman fyrir kórfélaga að geta sungið jólalögin svona oft. Vonandi heyrðu einhverjir Skaftfellingar í okkur. Ef ekki þá mun kórin syngja á árs hátíð félagsins á næstunni. Söngfélag Skaftfellinga hefur starfað í 30 ár þann 25. mars n.k. Kórin mun halda **afmælistónleika 17. maí í Laugarneskirkju kl. 15:00** og halda afmælishóf þá um kvöldið.

Í tilefni afmælisárs er verið að koma saman efni á geisladisk sem Hreinn Valdimarsson hefur tekið upp á tónleikum kórsins. Á disknum verður samansafn af lögum frá nokkrum tónleikum kórsins og verður hann vonandi til sölu með vorinu.

Kolbrún Einarsdóttir
formaður Söngfélags Skaftfellinga